



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

JARÐHITAKÖNNUN Í MÝVATNSSVEIT 1976 OG 1977

Ragna Karlsdóttir
Kristján Sæmundsson
Gestur Gíslason

OS79019/JHD08
Reykjavík, maí 1979

JARÐHITAKÖNNUN Í MÝVATNSSVEIT 1976 OG 1977

**Ragna Karlsdóttir
Kristján Sæmundsson
Gestur Gíslason**

**OS79019/JHD08
Reykjavík, maí 1979**

EFNISYFIRLIT

	Bls.
SKRÁ YFIR TÖFLUR	3
SKRÁ YFIR MYNDIR	3
SKRÁ YFIR VIÐAUKA	3
ÁGRIP RK	5
1 INNGANGUR RK	7
2 YFIRBORÐSJARÐHITI RK	7
3 JARDFRÆBI KS	8
4 VIÐNÁMSMÆLINGAR RK	9
5 EFNAGREINING VATNS GG	11
6 NIÐURSTÖÐUR RK	14
MYNDIR	17
VIÐAUKI A	27
VIÐAUKI B	37

TÖFLUR

1 Efnagreining heits vatns úr Mývatnssveit	13
--	----

MYNDIR

1 Kort af SV hluta Mývatnssveitar	19
2 Viðnámsmæling, skýringarmynd	20
3 Viðnámsmælingar 1976 og 1977	21
4 Tvípólmælingar 1976 og 1977	22
5 Viðnámssnið A-A'	23
6 Viðnámssnið B-B'	24
7 Viðnám á 1000 m dýpi	25
8 Viðnám á 700 m dýpi	26

VIÐAUKAR

A Viðnámsferlar og túlkun þeirra	27
B Kostnaðaráætlanir fyrir borun við Arnarvatn	37

ÁGRIP

í sunnanverðri Mývatnssveit er óverulegur jarðhiti á nokkrum stöðum á yfirborði. Berggrunnurinn er viðast hulinn lausum jarðlögum. Bygging hans svo og sprungur sjást því mjög lítið. Við jarðhitakönnun á þessu svæði 1976 og 1977 var beitt viðnámsmælingum svo og efnagreind vatnssýni úr volgrum. Efnagreiningarnar sýna að vatnið er í jafnvægi við lághita. Niðurstöður viðnámsmælinga benda til þess að vænlegastur borstaður sé við Arnarvatn austanvert. Þar er heitasta laugin á svæðinu; þar er kemur fram lágt viðnám í viðnámsmælingum og þar er hægt að staðsetja holuna við misgengi, sem trúlega tekur þátt í uppstreymi heits vatns.

1 INNGANGUR

Árið 1976 hófst jarðhitakönnun í Mývatnssveit. Könnun þessi var gerð að tilhlutan Skútustaðahrepps og beindist að jarðhitastöðum sunnan Mývatns. Einkum beindist athyglir að því, hvort finna mætti heitt vatn fyrir Skútustaði og nágrenni. Við könnunina, sem fór fram á árunum 1976 og 1977, var beitt viðnámsmælingum, sem mæla viðnám jarðlaganna gegn rafstraumi. Einnig voru tekin vatnssýni úr volgrum og þau efna-greind. Alls voru gerðar 20 viðnámsmælingar, sem skynja allt að 1000 metra dýpi, svo og 8 viðnámsmælingar sem skynja meira dýpi, eða allt að 6 km.

Í meðfylgjandi greinargerð er stutt yfirlit yfir jarðfræði svæðisins og jarðhita á yfirborði ásamt niðurstöðum viðnámsmælinganna og efna-greininganna.

2 YFIRBORDSJARDHITI

Í sunnanverðri Mývatnssveit er óverulegur jarðhiti á nokkrum stöðum (sjá mynd 1). Aðstæður eru um margt líkar og í Reykjadal og Laxárdal (Lúðvík Georgsson, Haukur Jóhannesson & Gestur Gíslason : Jarðhitakönnun í Aðaldalshreppi. Reykjavík, Orkustofnun, OS-JHD 7717). Laugarnar í Mývatnssveit koma upp nærri misgengjum sem flest tilheyra sprungusveimi Þeistareykjasvæðisins en laugarnar í Reykjadal og Laxárdal eru vestan við hann. Helstu staðir eru þessir:

1. Gautlönd.

- a) Arnarvatn. Rétt við austurbakka Arnarvatns er volgra úti í vatninu. Tunna hefur verið sett utan um mesta uppstreymið. Hiti mælist um 40°C .
- b) Við Stóruvíðarlæk, um 1 km vestan Gautlanda, er volgra. Rennsli er lítið og hiti mælist 21°C .

2. Hofsstaðir.

Í hlíðinni austan Laxár norður af Hofsstöðum koma fram volgrur á þremur stöðum:

- a) Nyrsta volgran er um 2 km norðan Hofsstaða. Við hana er gömul sundlaugarhleðsla. Rennsli hefur mælst um 6 l/s og hitastig 23°C.
- b) Um 50 metrum sunnan við a) er volgur lækur. Hiti um 20°C.
- c) Um 100 metrum sunnan við a) er velgja í læk.

3. Stöng.

Smávolgrur finnast allvíða á Stöng, en land er þar flatt og myrlent og jarðvegur þykkur. Mestur hiti hefur mælst í skurði við heimreið að bænum, um 30°C.

Arið 1975 var boruð 124 metra djúp hola á Stöng. Úr holunni renna 1-2 l/s af 24°C heitu vatni.

3 JARDFRÆÐI

Berggrunnur við Mývatn að vestan og sunnan er viðast hvar hulinn lausum jarðögum, þ.e. jökulurðum og vatnaframburði. Auk þess þekja ung hraun stórt svæði. Þau tvö atriði sem hér skipta mestu máli eru gerð jarðlaga í berggrunni og sprungur sem um hann liggja, en eins og að ofan segir er berggrunnurinn mjög hulinn af lausu jarðögum og mjög lítið hægt að sýna af byggingu hans á korti. Berggrunnurinn í heiðarflákunum vestan við Mývatn er úr grágrýti þar sem til sést. Í hlíðum Laxárdals og Reykjadals sést að grágrýtismyndun þessi er lagskipt, innan hennar skiptast á basalthraunlög og völubergs- og jökulbergslög, oft tugir m á þykkt. Þessi jarðmyndun tilheyrir yngri hluta hinnar s.k. "eldri grágrýtismyndunar", en aldurinn er að öðru leyti óviss. Jarðlagahalli er SSA-lægur, líklega innan við 2°, eftir því sem til sést í Reykjadal og Laxárdal. Holufylling í þessum jarðögum er sáralítill nema hvað leirkennt efni hefur viða sest til í holum, líklega jökulgormur, sem hefur síast úr gruggugu jökulvatni. Lítið er vitað um hitaástand í berggrunni á þessu svæði. Miðað við borholur í Aðaldal ætti ótruflaður hitastigull að vera allt að 100°C/km. Á rannsóknarsvæðinu í Mývatnssveit er hins vegar um að ræða vatnskerfi og ræðst hitaástandið þá af hitastigi vatnsins í vatnskerfinu og því hversu greið hrингrás vatnsins er í því. Einungis efnahitamælar (sjá síðar) og borun geta varpað ljósi á þetta atriði.

Sprungur á svæðinu næst vestan og sunnan við Mývatn liggja í stefnu N-S og NNA-SSV og er þar um að ræða suðurendann á sprungusveimnum sem liggur norður í gegnum Þeistareykjasvæðið. Á kortinu (mynd 1) eru sýnd nokkur helstu misgengi og gjár. Misgengisstallarnir eru þaktir jökulruðningi og því að meginhluta frá ísöld en hreyfing hefur orðið á þeim einnig eftir að jökla leysti, það sýna opnar gjár sem ná a.m.k. suður í Hofsstaðaheiði. Jarðhitinn í Arnarvatni er við eitt stærsta misgengið á þessum slóðum.

Eðlilegt virðist að líta á jarðhitann í Reykjadal, Laxárdal og Mývatns sveit sem tilheyrandi einu jarðhitakerfi og rennsli vatns inn á það sé bundið við eldri-grágrýtismyndunina og uppstreyymið tengt norð-suðlægum sprungum. Berggrunnurinn er fremur óþéttur, þar sem til sést í dölunum, og vatnið leitar þar gjarnan frá uppstremmisrásunum út á milli laga.

4 VIÐNÁMSMÆLINGAR

Viðnámsmæling mælir viðnám jarðlaganna gegn rafstraumi með dýpi undir mælistæð. Rafstraumi er hleypt í jörðina gegnum straumskaut S og S' (mynd 2) og mæld spennan, sem myndast við það milli spennuskautanna P og P'. Viðnám er síðan reiknað samkvæmt ákveðinni líkingu og er háð straum- og spennugildum og fjarlægð milli skauta. Með því að auka sifellt fjarlægðina milli straumskautanna nær meginhluti straumsins æ dýpra. Mæli-aflestur við hverja stöðu straum- og spennuskauta gefur svonefnt sýndarviðnám sem er eins konar samnefnari viðnáms jarðлага niður á það dýpi sem meginhluti straumsins fer um. Sýndarviðnám við hvern aflestur er síðan fært á línurit og gefur feril sem er túnkaður sem viðnámslög undir mælistæð. Með þeirri tækni sem Jarðhitadeild OS ræður yfir má með þessari aðferð (Schlumbergeraðferð) finna eðlisviðnám jarðlaganna niður á um 1000 metra dýpi. Með annarri röðun rafskauta (tvípól-aðferð) má finna eðlisviðnám niður á um 6 km dýpi. Við túlkun hvorutveggja mælinganna er gert ráð fyrir lagskiptum í viðnámi með dýpi en engum breytingum í láréttu stefnu á því svæði sem mælingin nær yfir. Slíkar láréttar viðnámsbreytingar eru þó venjulega til staðar. Séu þær litlar hafa þær óveruleg áhrif á mæliniðurstöðuna, þó meiri í tvípólmælingu en Schlumbergermælingu.

Viðnám bergs gegn rafstraumi er háð ýmsum breytistærðum. Viðnám í þurru köldu bergi er mjög hátt en lækkar mjög með auknu vatnsinnihaldi bergsins, hækandi hitastigi vatnsins og auknu magni uppleystra efna í vatninu. Með viðnásmælingum er reynt að finna lágviðnám sem skýra má sem áhrif jarðhita. Þar sem jarðhitinn nær einhverri útbreiðslu í bergeninu og er ekki einungis bundinn þróngum uppstreymisrásum er hægt að kanna útbreiðslu hans með viðnásmælingum.

Árið 1976 hófst jarðhitakönnun með viðnásmælingum í Mývatnssveit. Það ár voru gerðar 13 Schlumbergermælingar og 5 tvípólmælingar. Sumarið eftir var bætt við 7 Schlumbergermælingum og 3 tvípólmælingum. Staðsetning viðnásmælinganna sést á mynd 3 (Schlumbergermælingar) og mynd 4 (Tvípólmælingar). Schlumbergermælingarnar skynja allt að 1000 metra dýpt. Þær eru staðsettar nálægt öllum jarðhitastöðum á yfirborði sem fyrr eru nefndir:

MV3 við volgrur 2 km norðan Hofsstaða
MV4 við Hofsstaði
MV6 við Stöng
MV8 við Arnarvatn
MV9 við Stóruvíðarlæk.

Svæðin á milli eru tengd með mælingum og farið vel út fyrir þau svæði er jarðhiti kynni að hafa áhrif á. Lægst viðnám kom fram á svæðinu milli Arnarvatns og Skútustaða og því beindust síðustu mælingarnar að því svæði. Til skýringar eru dregin tvö snið, annað austur-vestur (snið A-A') og hitt norð-suður (snið B-B').

Snið A-A' og B-B' , sjá myndir 5 og 6.

Efst í flestum mælingunum er lag með háu viðnámi ($800-1500 \Omega\text{m}$). Lag þetta er þynnst í nyrstu mælingunum eða 10-20 metrar en þykknar mjög til suðurs og austurs. Austan Arnarvatns er það 200-300 metra þykkt og þar dýpkar á því til austurs. Ofan við er 300-400 Ωm viðnámslag, sem er um 60 metra þykkt vestast (MV 20) en þykknar til austurs og er 270 metra þykkt austan Grænavatns (MV 5). Undir háviðnámslaginu lækkar viðnámið og við tekur 200-300 metra þykkt lag með 300-600 Ωm viðnámi. Lag þetta er í öllum mælingum á norðurhluta svæðisins og nær suður fyrir Arnarvatn.

Eins og fyrr getur kemur lægst viðnám fram í mælingunum á milli Arnarvatns og Skútustaða. Viðnámið er þar 30-50 ðm. Við Arnarvatn er jarðhiti á yfirborði og þar eru 900-1000 metrar niður á lága viðnámið. Austar grynnkar á það og eru 500-600 metrar niður að efri mörkum þess.

Út frá aðallágviðnámssvæðinu helst fremur lágt viðnám til suðurs eða um 50 ðm. Í austur hækkar það í 100-200 ðm í MV 2 og MV 5. Til norðurs hækkar viðnámið í 70-80 ðm norðan Arnarvatns og síðan í 100-200 ðm norðar í MV 3 og MV 4. Til vesturs hækkar viðnámið í 50-90 ðm en í vestustu mælingunum, MV 6 og MV 7, dýpkar á þessu viðnámslagi en ofan á er viðnámslag með 100-200 ðm viðnámi. Viðnám á 700 og 1000 metra dýpi sést á myndum 7 og 8. Tvípólmælingarnar, sem skynja meira dýpi en Schlumbergermælingarnar, sýna lækkun á viðnámi með meira dýpi. Viðnámið sem þær sýna á 1,5-3 km dýpi sést með viðnámssniðunum. Þær gefa einnig lægst viðnám á sama svæði, eða milli Arnarvatns og Skútustaða. Samanburður á Schlumberger- og tvípólmælingum gefur vísbindingu um að viðnámsskil séu á 1200-1500 metra dýpi og lægra viðnám neðan þeirra. Viðnám er þar 25-35 ðm nema í vesturátt, 40-60 ðm. Á sömu slóðum og viðnámslægðin kemur fram í Schlumbergermælingunum er viðnám um 15 ðm í tvípólmælingum.

Einstakir viðnámsferlar svo og túlkun þeirra er í viðauka A.

5 EFNAGREINING VATNS

Sýni af heitu vatni hafa verið tekin á sex stöðum við vestanvert Mývatn. Sýnatökustaðirnir eru sýndir á mynd 2 og niðurstöður efnagreininga gefnar í töflu 1. Sýni voru fyrst tekin í júlí 1976 en niðurstöður efnagreininga á þeim þóttu tortryggilegar að ýmsu leyti, einkum sýrustig vatnsins. Því voru á ný tekin sýni í október 1978 og athugað það sem tortryggilegt bótti í fyrri sýnum.

Efnagreiningar sýna að vatnið er í jafnvægi við lághita. Það sést af lágum heildarstyrk uppleystra efna, lágum styrk súlfats (SO_4^{-2}) og til-tölulega háum styrk magniums (Mg^{+2}). Þá er sýrustig hátt en það virðist oft vera þegar saman fer lághitavatn og tregt rennsli til yfirborðs.

Styrkur klórs er mjög lágur, eða á bilinu 3-5 ppm. Þetta er nánast sami styrkur og mælst hefur í úrkomu er safnað hefur verið við Voga austan Mývatns. Bendir það til þess að heita vatnið sé að uppruna til regnvatn sem fallið hefur í nágrenninu og náð að síga niður í dýpri jarðlög og hitna.

Styrk og hlutfall ýmissa efna í vatninu er hægt að nota til þess að áætla hvaða hitastigi vatnið hefur náð í rennsiskerfinu djúpt undir yfirborði. Tvær slikear "hitamælingar" eru notaðar hér, kalsedónhiti, þar sem notaður er styrkur kísils (SiO_2), og sýrustig (pH) og alkalíhiti sem fæst úr hlutföllum natriums (Na^+), kaliums (K^+) og kalsiums (Ca^{+2}). Þegar vatnið streymir um kaldara berg á leið sinni til yfirborðs leitar það í átt til jafnvægis við nýtt hitastig. Það veldur breytingum á styrk efna og þar af leiðandi lækkun á reiknuðu hitastigi. Lækkunin er háð þeirri vegalengd sem vatnið fer og hraða þess. Af því leiðir að sé rennsli mikið má búast við því að reiknað hitastig lækki lítið. Ef rennsli úr laugum er hins vegar mjög lítið má gera ráð fyrir að marktækar breytingar hafi orðið á styrk efna en ekki er mögulegt að koma tölulegu mati á þær við slikear aðstæður. Þetta á við um laugar í Mývatnssveit. Hér á eftir er lýst niðurstöðum einstakra efnagreininga og útreikninga.

Stóruvíðrarlækur. Kalsedónhita (39°) og alkalíhita (38°) ber vel saman. Sýrustig er nokkuð hátt (pH 10,02), en engu að síður er það lægra en algengast er í volgrum og laugum á þessum slóðum. Gæti þetta bent til þess að kalt grunnvatn blandist heita vatninu.

Arnarvatn. Þar sem uppsprettturnar eru úti í sjálfu vatninu á um 50 cm dýpi er augljóst að hætta er á blöndun við kalt vatn. Yfir stærstu uppsprettuna hefur verið sett botnlaus tunna. Er sýni var tekið 1976 var tunnan öll í kafi. Þegar síðara sýnið var tekið 1978 stóð tunnan upp úr vatninu og vatnsborð stóð hærra inni í tunnumni heldur en utan hennar og seitlaði úr henni. Sýrustig síðara sýnisins er hærra en þess fyrra, sem bendir til minni blöndunar. Kemur það heim og saman við það að kíslstyrkur er meiri í seinna sýninu. Kísilhiti reiknast 47°C .

TAFLA 1

EFNASAMSETNING HEITS VATNS ÚR MÝVATNSSVEIT.

Styrkur efna í ppm.

	Víði Stóru Víði Órarlæk.	Uppspretta í Arnarv.	Neysluv.þro a. Höfsstöðum	Uppspretta n/ Höfsstöðum	Borholla a. Höfsstöðum	Borholla a. Höfsstöðum	Uppspretta n/ Höfsstöðum	Borholla a. Höfsstöðum	Uppspretta Víði Stóng
Dagsetning	76-07-07	76-07-07	78-10-08	78-07-07	78-10-08	76-07-07	76-07-07	78-10-10	78-10-10
Hitastig °C	21	26	29	15	15	23	23	22	24
pH/ °C	10.02/21	10.03/21	10.49/21	9.69/21	9.35/21	10.31/21	10.82/21	10.51/23	10.58/23
SiO ₂	36.0	34.0	67.4	29.0	31.6	39.0	66.0	80.2	57.9
Na	22.0	25.0		27.0		32.5	42.0		
K	1.07	0.98		0.99		0.42		1.35	
Ca	7.15	9.50		8.45		2.97		4.06	
Mg	1.90	3.30		1.75		0.18		0.07	
CO ₂	25.9	30.2	20.5	40.0	43.5	24.6	11.3	16.6	23.3
SO ₄	4	7.6				5.8		6.4	
H ₂ S	0.14	0.27	0.1	0.1	0.1	0.1	0.1	0.1	0.1
C1	3.4	4.3					3.9	3.4	
F	0.32	0.43					0.49	0.79	
Uppl. efni	122	216	47		45	136		117	
Kalsedonhiti °C	93	37				33		51	
Alkalihiti °C	38	31				32		62	

Neysluvatnsþró á Hofsstöðum. Tvö sýni eru til úr þessari uppsprettu. Þau hafa bæði tiltölulega lágt sýrustig sem gæti bent til blöndunar. Fyrra sýnið hefur kalsedónhita 37°C og alkalíhita 34°C en það síðara hefur kalsedónhita 45°C .

Uppsprettu norðan Hofsstaða. Kalsedónhita (33°C) og alkalíhita (32°C) ber vel saman í þessu sýni. Sýrustig er hátt, sem bendir til lítillar blöndunar við kalt vatn.

Stöng. Alkalíhiti fyrra sýnisins úr borholunni á Stöng er 62°C . Hins vegar er sýrustig vatnsins svo hátt að augljóst er að ákvörðun þess er röng. Þess vegna er ekki unnt að reikna kalsedónhita. Síðara sýnið hefur það hátt sýrustig að ekki þarf að gera ráð fyrir blöndun við kalt vatn. Kalsedónhiti reiknast þar 51°C .

Þá var og tekið sýni úr uppsprettu rétt við holuna. Uppsprettan mynd-aðist þegar vatnsborði holunnar var þrýst niður. Vatnið þar er heldur heitara en í holunni og er talið vara úr æð sem lokað var af í holunni á um 10 m dýpi. Kalsedónhiti vatnsins í uppsprettunni reiknaðist 33°C .

6 NIÐURSTÖÐUR

Eins og fyrr getur kemur lægst viðnám fram á svæðinu milli Arnarvatns og Skútustaða. Liklegt þykir að þessi viðnámslægð sé vegna áhrifa heits vatns. Rétt austan Arnarvatns liggur misgengi með N-S stefnu. Um 2 km austan Arnarvatns er annað misgengi með NNV-SSA stefnu (mynd 1). Á milli þessarra misgengja kemur viðnámslægðin fram. Hugsanlegt er að þessi misgengi taki þátt í uppstreymi heits vatns á svæðinu og beinist athyglín einkum að misgenginu við Arnarvatn. Vegna þess hve berggrunnur er hulinn lausum jarðlöögum er ekki vitað nákvæmlega um legu misgengisins. Heitasta laugin á svæðinu kemur upp við eystri bakka Arnarvatns, rétt við misgengið.

Ef til borunar kemur er talið réttast að bora nálægt lauginni, jafnvel þótt þar sé allmiklu dýpra á lágviðnámið en austar. Yfir miðju lágviðnáms-svæðinu er miklu grynnra á lágviðnámið, en meiri óvissa er um legu misgengja þar í grennd. Ekki er hægt að segja til um hvaða hitastig yrði á vatninu. Ef litið er á sambærilegar efnagreiningar vatns úr Aðaldal og Reykjadal sést að líta má á alkali- og kísilhita vatnsins sem lágmarkshitastig sem búast má við. Því þykir ekki ólíklegt að ná megi yfir 50°C heitu vatni.


Gegn borun mælir dreifð byggð og því langar lagnir, lágt hitastig vatnsins og mikill borkostnaður. Borhola við Arnarvatn yrði að vera djúp, eða allt að 1000-1200 metrar. Kostnaðaráætlun fyrir 600 metra djúpa holu (bortæki: Ýmir) og 1000 metra djúpa holu (bortæki: Glaumur) fylgir skýrslunni (sjá viðauka B). Kostnaður miðast við verðlag í mars 1979.

MYNDIR

Kort af SV-hluta
Mývatnssveitar

SKÝRINGAR


- | | | |
|--|-----|--------------|
| | 40° | Volgra, laug |
| | | Misgengi |
| | | Hraun |
| | | Móberg |
| | | Grágryti |
| | | Vegur, bær |



'79.02.27 KS/AA

Mývatnssveit F 18186


Mynd 2



RK/e
78-09-07
Viðnám Mývatn
F-176/3


Mývatnssveit
Viðnámsmælingar 1976 og 1977

Mynd 3



Mývatn

ORKUSTOFNUN
Jardhitaðild




Gard



MV5

0 1 2 3 km




Mynd 4


RK/e
78-09-07
Viðnám Mývatn
F-176/16

Mývatnssveit
Tvipólmælingar 1976 og 1977

ORKUSTOFNUN
Jordhitaðeld



A



Mynd 5

30 ← Viðnámsgildi í tvíþólmælingum
á 1,5-3 km dýpi.

15

35

60

50 - 90 Ωm

100 - 200 Ωm

300 - 600 Ωm

800 - 1500 Ωm

<50 Ωm

MV-I Schlumbergermæling

T-7615 Tvíþólmæling



Mývatnssveit
Viðnámssnái A-A'


78-03-07	RK/e
Viðnám Mývatn	
F-17614	


B

B'

24























VIÐAUKI A





Viðnámsferlar
og túlkun þeirra



























VIÐAUKI B

Kostnaðaráætlanir fyrir
borun við Arnarvatn



Verkkaupi	Borstaður	Verk nr	Hola nr
Skútustaðahreppur	Arnarvatn	24XX	1
Magn, ein Kr/ein Kronur 1000 krónur			
1 TÍMAKOSTNAÐUR		29.039.500	29.040
1 Borleiga	X 37 d	327.000	12.099.000
2 Olfa	27000 1	69	1.863.000
3 Vinna	X 37 d	330.000	12.210.000
4 Uppihald	7x37 md	7.500	1.942.500
5 Búflar	37 d	25.000	925.000
2 AHALDALEIGA		240.000	240
1 Pakkari			
9 Annað (skv fskj) rýmari	40 h	6.000	240.000
3 EFNI		8.790.000	8.790
1 Birgðir borkrónur			5.000.000
2 Aðkeypt fóðurrör 14"	35 m	30.000	1.050.000
Fóðurrör 10 3/4"	100 m	20.000	2.000.000
Sement	400 pk	1.600	640.000
Gel	20 pk	5.000	100.000
4 AÐKEYPT ÞJONUSTA		7.699.000	7.699
1 Borstæði			2.000.000
2 Flutningur bors			2.500.000
3 Flutningur efnis			500.000
4 Verkstæðisvinna			100.000
5 Ferðakostnaður	3x7 f	19.000	399.000
9 Annað Flangsar, holuloki			200.000
Höggborshola			2.000.000
Aætlað samtals			45.769

ATHS. Borun í allt að 1000 m dýpi.

Forborað með höggbor í ca 35 m dýpi.

Söluskattur 20 %

af kr 24.309.000 4.862

Aætluð upph alls 50.631

Dags. og undirskrift

78-12-14 S.Ben/he

KOSTNAÐARAÆTLUN

BOR : Ýmir

Verkkaupi Skútustaðahreppur	Borstaður Arnarvatn	Verk nr 21XX	Hola nr 1
Magn, ein Kr/ein Kronur 1000 kronur			
1 TÍMAKOSTNAÐUR		13.170.500	13.171
1 Borleiga	x 35 d	171.000	5.985.000
2 Olía	7000 1	69	483.000
3 Vinna	x 35 d	144.000	5.040.000
4 Uppihald	3x35 md	7.500	787.500
5 Bílar	35 d	25.000	875.000
2 AHALDALEIGA		400.000	400
1 Pakkari			
9 Annað (skv fskj)			
Rýmari 9 7/8"	100 h	4.000	400.000
3 EFNI		2.700.000	2.700
1 Birgðir borkrónur 5 7/8"			1.000.000
2 Aðkeypt			
Fóðurrör 8"	80 m	12.000	960.000
Sement	400 pk	1.600	640.000
Gel	20 pk	5.000	100.000
4 AÐKEYPT ÞJONUSTA		2.671.000	2.671
1 Borstæði			800.000
2 Flutningur bors			1.200.000
3 Flutningur efnis			300.000
4 Verkstæðisvinna			50.000
5 Ferðakostmaður	3x3 f	19.000	171.000
9 Annað flangsar, holuloki	1		150.000
Aætlað samtals			18.942

ATHS. Borun í allt að 600 m dýpi.

Söluskattur 20 %

af kr 11.025.000 2.205

Aætluð upph alls 21.147

Dags. og undirskrift

78-12-14 S.Ben/he